HÓLMANES – ÚTVISTARSVÆÐI
Deiliskipulagi

Inngangur – Hólmanes er á milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar. Í Aðalskipulagi Fjarðarbyggðar 2007-2027 er deiliskipulagssvæðið skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota en nyrsti hluti þess er á landbúnaðarsvæði. Í aðalskipulaginu segir að Hólmanes sé ætlað til almennrar útiveru og náttúruskoðunar og ekki er gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum á svæðinu en þeim sem vænta má vegna almennrar útivistar og náttúruskoðunar, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk.

Tilgangur skipulagsins er að vinna skipulag fyrir verndarsvæðið Hólmanes þar sem lögð er áhersla á að auka gildi svæðisins til útivistar og að auka aðgengi fyrir alla. Deiliskipulagið gerir einungis ráð fyrir uppbyggingu sem fylgir almennri útivist og liggja allar meginforsendur fyrir í aðalskipulagi og var því ekki unnin skipulagslýsing fyrir áætlunina.

Staðhættir -Hólmatindur rís 985m yfir sjó milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar. Hólmanes teygir sig til suðausturs frá honum og er klettótt nes. Ytri – Hólmaborgin um 114 m há og áberandi. Sléttlendi er að finna aðallega norðan til á nesinu, þar er fjölbreytileiki gróðurs mikill yfir 150 háplöntur hafa verið skráðar í Hólmanesfólkvangi og friðlandi. Frá Hallsklettí sunnan til í nesinu og norður að Skeleyri er fjaran stutt og hamrar út í sjó en innar malar- og bangfjörur. Flestar fuglategundir sem sjást við Reyðarfjörð verpa innan fólkvangsins. Eftir að nýr þjóðvegur var lagður um Hólmaháls lagðist af aðkoma að friðlandinu frá ströndinni. Samhliða byggingu nýs vegar var gert bílastæði og áningastaður við veginn efst í hálsinum rétt vestan við Urðarskarð.

Markmið - Megin markmið með tillögu deiliskipulags er að skilgreina aðkomu að fólkvangi og friðlandi, skilgreina þjónustusvæði og áningastaði og bæta aðstöðu til útivistar á svæðinu í heild.

Almenn markmið með stígagerð á svæðinu er að:

- bæta aðstaðaður til almennra gönguferða
- bjóða upp á fjölbreyttar gönguleiðir
- bjóða upp á mislangar og miserfiðar leiðir
- leiðirnar verði sniðnar að þörfum almennings.

Verndarsvæði- Hólmanes var friðlýst sem friðland og fólvangur 1973. Mörk friðlýst svæðis – Stærð friðlands er um 206ha. Auglýsing um fólkvang og friðland á Hólmanesi Stjórnartíðindi B, nr. 393/1973 sérprentun nr. 182

„Hið efra um Langhamra ofan núverandi þjóðvegar. Eskifjarðar-megin liggja þau ir enda Langhamra í hrapparmörk rétt vestan Völvuleiðis og þaðan niður eftir melrinda stystu leið til sjávar utan við ytri Bólklettseyri. Reyðarfjarðarmegin eru mörkin frá innri enda Langhamra utan Illakeldu þvert á þjóðveg niður í beitar girðingu Hólmajarðar og fylgja henni til sjávar við Hörganes. Hólmarnir í landi Hólmajarðar fylgja hinu friðlýsta svæði svo og grynningar og flesjar við ströndina innan marka þess.“

Mörk fólkvangs- Stærð fólkvangsins er um 74 ha.
Í reglum um hið friðlýsta svæði kemur eftirfarandi fram:

Gangandi fólki er frjáls umferð, enda virði það almennar umgengnisreglur og varist að skerða gróður og valda óþarfri truflun á dýralíf.
Meðferð skotvopna er óheimil á svæðinu.
Æðarvarp verði nytjað og njóti verndar á hefðbundinn hátt.
Mannvirkjagerð er óheimil á svæðinu og allt jarðrask er þar bannað utan eðlilegt viðhald þjóðvegar, enda fylgi því ekki efnistaka á svæðinu sjálfu.
Vélknúnum tækjum má aðeins aka eftir þjóðvegi

Aðkoma og stígar

Aðkoma að svæðinu er eftir þjóðvegi 92 **Norðfjarðarvegi** – sem er stofnvegur, sem liggur um miðbik svæðisins hæst í um 90 m hæð yfir sjávarmáli.

Göngu- og hjólreiðarstígur - Akfær stígur. Eldri þjóðvegur liggur ofar í hálsinum en var aflagður sem þjóðvegur með opnum nýja vegarins 2010. Gert er ráð fyrir því að þessi vegur verði mjókkaður niður í 4,0 m breidd, og fláar aðlagaðir að núverandi landi og græddir upp eins og kostur er. Vegurinn þjónar einnig sem þjónustuvegur að sjónvarpsmastri norðan til í hálsinum og að bílastæðum við upphaf gönguleiða austan Klofasteina að völvuleiði.Heimilt er að setja upp hliðslá við bílastæði til að hindra almenna akstursumferð um veginn.

Akfær göngustígur
Gert er ráð fyrir akfærum göngustíg frá bílastæðum neðan sjónvarpsmasturs að áningastað í fjörunni sunnan Eskifjarðar (þar sem áður voru sorphaugar) auk þess sem gert er ráð fyrir akfærum göngustíg að vöktunarhúsi austan við Hólma.

Þjónustuaðstaða – Gert er ráð fyrir uppbyggingu þjónustuaðstöðu við bæjarstæðið Hólma og við bílastæði vegagerðarinnar austast í hálsinum. Bílastæði fyrir allt að 15 bíla og rútustæði. Þarna skal gera ráð fyrir salernisaðstöðu, sorpílátum, reiðhjólagrind og nestisaðstöðu. Á þessum svæðum skal koma fyrir upplýsinga- og fróðleiksskilti um fólkvanginn og friðlandið þar sem náttúrufar svæðisins er kynnt í máli og myndum auk upplýsinga um gönguleiðir, áningastaði og takmarkanir á svæðinu.

Salernishús skal vera að hámarki 15m² að stærð og hámarkshæð í mæni er 3,5m. Salernishús staðsett austast í Hólmahálsi skal vera með vatnssöfnunartanki. Samræma skal lita og efnisval á svæðinu hvað varðar hús, sorpílát og annan búnað. Rotþró eða safntanki skal komið fyrir í min 30m fjarlægð frá þjónustuaðstöðu. Frágangur, gerð rotþróa og frárennslislanga og nákvæm staðsetning skal vinna í samráði við Heilbrigðiseftirlit austurlands og vera skv. ákvæðum heilbrigðisreglugerðar og samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Safntankur/rotþró skal tæmd í samræmi við reglur Heilbrigðiseftirlits Austurlands

Bílastæði Bílastæðavasi fyrir 3-7 bíla. Gert er ráð fyrir 2 slíkum svæðum .

Gönguleiðir- Almenn sjónarmið við byggingu stíga er að:

- tryggja sem best öryggi göngufólks
- sem minnst spjöll verði á gróðri og jarðmyndunum
- stígar fari vel í landi og verði aðstandendum til sóma
- notað verði efni á staðnum eftir því sem unnt er
- viðhald verði sem minnst.

Í bröttum hlíðum þarf víða að útbúa þrep sem eru mismunandi eftir aðstæðum á hverjum stað. Um er að ræða timburþrep eða stök steinþrep til að stýða við jarðveg, eða hlaðin steinþrep í tröppustíg. Á einstaka stöðum getur verið nauðsynlegt að festa keðjur í berg til að tryggja öryggi gangandi. Við gerð göngustíga á svæðinu skal nýta efsta jarðvegslagið í yfirborðsfrágang á öxlum. Við uppgræðslu á svæðum sem m.a. hefur verið raskað vegna vegagerðar skal sá í svæði og vegkanta með fræblöndum sem safnað skal af svæðinu

Dæmisnið í malarstíg.



Malarstíga skal vinna á eftirfarandi hátt: Tekið er upp að jafnaði 30 sm af jarðvegi og uppúrtektin síðan notað við frágang á öxlum. Taka skal efsta svörðurinn til hliðar og nota við lokafrágang. Allt efni uppúrtektar skal nýtt til aðlögunar á jöðrum. Það efni sem nýtist ekki beint í axlir á staðnum skal nota í fyllingar á lægðum og dældum undir malarfyllingar undir stíg og í lengri fláa.

Lega stiga er leiðbeinandi á uppdrætti og skal staðsetja í landið í samráði við umsjónaraðila svæðisins.

Göngustígur með góðu yfirborðsefni sem geta verið frá 1,6 - 2,5 m breiðir.

Um er að ræða göngustíg frá áningarstað í norðanverðu nesinu að Bauluhúsum og Skeleyri. Frá bílastæðum frá Hólmum að Hallsklettí. Þessa stíga skal leggja þannig í landið að aðgengi fyrir alla sé tryggt.

Malarstígur slóði – afmörkuð gönguleið eða slóði. Yfirborð möl breidd 1.0-2.0 m

Stikuð gönguleið – Stikuð gönguleið. Gönguleið merkt með stikum sem standa um 50 s.m upp úr landi og eru í jarðlitum.

Fuglaskoðunarhús – Fuglaskoðunarhús eingöngu ætlað til fuglaskoðunar. Hámark stærð húss er 6,0m² og hámarkshæð í mæni er 3,5m. Hús skal vera í jarðarlitum þannig að það falli sem best að umhverfi sinu. Staðsetning fuglaskoðunarhúsa er leiðbeinandi hús skal staðsett í landi í samráði við Umhverfisstofnun og mannvirkjastjóra Fjarðabyggðar.

Útsýnisstaður – Við útsýnisstaði skal koma upp útsýnisskífu eða skilti með örnefnum.

Áningastaðir – Svæði þar sem heimilt er að koma fyrir aðstöðu til áningar t.d. borð með bekkjum eða set stæðum úr hleðslu eða grjóti.

Upplýsingarskilti – Við bílastæði og útskot við eldri þjóðveg skal koma fyrir upplýsingaskiltum þar sem fram kemur staðsetning bílastæða og gönguleiðir á svæðinu.

Minjar– Eftirtaldar minjar og tóftir eru merktar á uppdrætti

1. **Hólmar** kirkjustaður og kirkjugarður fram til 1913. *Frá kristnitöku hefur verið kirkjustaður á Hólmum, eða allt fram á byrjun síðustu aldar. Hólmar var mikil kostajörð. Þótti hún á öldum áður vera á meðal fjögurra bestu brauða á landinu*
2. **Stekkur**, búið á sumarið 1830
3. **Eneshús** býli á grandanum milli Leiðarhöfða og lands var íveru staður og sjóhús byggð af norskum sildveiðimanni
   Enes að nafni um 1880 þar var búið fram yfir aldamót. 1900.
4. **Bauluhús** afbýli frá Hólmum – byggðist fyrst um 1830 Bauluhús. Nefnt í sóknarýsingu 1843 þ8 sagt hafa verið 14 ára. Fór í eyði 1845 -1909. Tryggvi Hallgrímsson bjó þar frá 1909-1916 og síðan Jón kr. Jónsson 1916-1917
   Býlið dregur nefn af kletti sem kallast Baula í flæðarmálinu rétt vestan við Skeleyri.
5. **Völvuleiði** í ofarlega (974m.h.y.s) í Hólmahási. Leiðið hefur verið merkt með hlaðinni vörðu
6. **Stríðsminjar** – setuliðið setti upp varðstöð með vaktmanni austan lega í Hólmahálsi þar er steypt braggagólfið eitt eftir –

Merkja skal tóftir. T.d. með timburstaurum í jarðlit með álplötu þar sem fram kemur nafn á tóft og frá hvaða tíma tóftirnar eru.
Við stríðsminjar er gert ráð fyrir útsýnis- og áningastað .Steypt braggagólf nýtt sem útsýnis- og áningastaður. Heimilt er að reisa veggi til skjólmyndunar allt að 2.0 m á hæð við braggagólf. Gera skal ráð fyrir fróðleiksskilti við minjar.

Sjónvarpsmastur – Fjarskiptamastur með þjónustuhúsi. Stærð þjónustuhúss við mastur er 3x3 m². Lóð umhverfis mastur er 20x20 m. Þjónustuaðkoma að mastri er eftir akfærum göngu- og hjólreiðarstíg.

Vöktunarhús – Vöktunarhús vegna loftmengunar er staðsett austan við bæjarstæðið Hólma. Stærð húss er 2x3 m². Lóð umhverfis er 5x10 m. Umsjón með umhverfiúktun hefur Alcoa Fjarðaríál. Ekki er heimilt að koma fyrir öðrum mannvirkjum á lóð en vöktunarhúsi. Húsið skal mála í jarðlitum þannig að það falli sem best að umhverfi. Þjónustuaðkoma að vöktunarhúsi er eftir akfærum göngustíg frá Hólmum.

Aflögð sorpurðun og sorpbrennsla
Innan deiliskipulagssvæðisins er sorpurðunarstaður og sorpbrennsla sem var aflögð árið 1996. Fram að þeim tíma var sorp brennt óflokkað í opnum haugum. Í aðalskipulagi Fjarðabyggðar er þetta svæði skilgreint sem landbúnaðarsvæði. skv. kafla 6.10.1 skal ávallt haldið uppfært yfirlit yfir gamla urðunarstaði og skal það haft til hliðsjónar þegar ný svæði utan þéttbýlis eru tekin undir byggð eða aðrar framkvæmdir.

Kvöð vegna æðavarps – Kvöð um lokun svæðis vegna æðavarps frá 15. apríl – 15. júlí. Umferð gangandi manna takmörkuð á þeim tíma. Um er að ræða Leirhöfða og nágrenni við Hrútatanga og á svæði í Borgarhvammi.

Fræðsluskilti – Fræðsluskilti um lífríki og náttúru eru sýnd til skýringar á uppraetti. Náttúrufræðistofa Austurlands hefur umsjón með fræðsluskiltum á svæðinu.

Áhrif á umhverfi og samfélag – Á svæðinu er gert ráð fyrir göngu- og hjólreiðarstígum, fuglaskoðunarhúsi, þjónustuaðstaða með salernisaðstöðu, sorpílátum, reiðhjólagrind og nestisaðstöðu, bílastæði, upplýsingarskilti og áningastöðum.

Viðmið er friðlýsing Hólmanes sem var friðlýst bæði sem friðland og fólkvangur árið 1973 og þjóðminjalög 10. gr.

Uppbygging er að mestu á svæði sem þegar hefur verið nýtt til ferðaþjónustu og þau mannvirki sem koma til viðbótar eru ekki umfangsmikil. Leitast verður við að færa gönguleiðir frá viðkvæmum svæðum og koma á framfæri upplýsingum um svæðið og hvernig ganga á um það. Hafa verðir í huga að framkvæmdir á svæðinu trufli ekki varp fugla.

Verkið er unnið undir stjórn Fjarðabyggðar, í samvinnu við Náttúrustofu Austurlands og í samráði við Umhverfisstofnun.

Dæmi um fuglaskoðunarhús sýnt til skyringar
teikning Argos ehf. Stefán Örn Stefánsson arkitekt

Dæmi um hús fyir salernisaðstöðu sýnt til skyringar.
Teikning Argos ehf. Stefán Örn Stefánsson arkitekt



Heimild: Náttúrustofa Austurlands
Sigurjón Gísli Rúnarsson 2002. *Hólmanesfólkvangur. Framtíðar útvistarsvæði í Fjarðabyggð?* BS.ritgerð við jarð- og landfræðiskor Háskóla Íslands. 55 bls.
Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Hluti af staðfestu Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027

SKÝRINGAR

- Þjóðvegur 92
- Göngu- og hjólreiðastígur, aflagður þjóðvegur
- Akfær göngustígur (þjónustustígur)
- Göngustígur, með góðu yfirborðsefni
- Malarstígur slóði
- Stikuð gönguleið
- Lóðamörk
- Sjónvarpsmastur
- Vöktunarhús
- Þjónustuaðstaða -bílastæði > 10 -sorp -salerni
- Bílastæði fyrir 3-7 bíla
- Fuglaskoðunarhús
- Útsýnisstaðir
- Áningastaðir
- Upplýsingaskilti
- Fræðsluskilti sýnd til skýringar
- Kirkjugarður (aflagður)
- Tóftir
- Stríðsminjar
- Aðrar fornleifar
- Nr. minja sbr. greinargerð
- Aflagður sorpurðunarstaður
- Aflögð sorpbrennsla
- Kvöð um lokun vegna æðarvarps. Aðgangur bannaður frá 15. apríl - 15. júlí.
- Mörk friðlýstsvæðis
- Mörk fólkvangs
- Mörk skipulagssvæðis

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í ..... þann ..... 20..

Tillagan var auglýst frá..... 20.. með athugasemdafresti til ..... 20.. .

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann ..... 20..

B	7. nóv. 2012.	Almennur fróðleiki uppfærð m.v. upplýsingar grunn UST, og almennum skipulagsuppdrátta samræmd milla vill það	
		Frágur aðkomu breytt í kvöl um lokun, gönguleiðir breytt í samræmi vill staðsetningar bílastæðum/salernum	NÖK
A	8. júní 2012.	Gerð grein fyrir notkun og bætt in stígsetningum í samræmi vill athugasemdir.	NÖK
BR	DAGS.	BREYTING	TEKN.

FJARÐABYGGÐ
HAFNARGÖTU 2, 730 FJARÐABYGGÐ

LANDMÓTUN ehf. HARRABORG 12 - 200 KÓPAVOGUR - SÍMI: 575 5300 - FAX: 554 1380 - NETFANG: landmotun@landmotun.is

HÓLMANES
DEILISKIPULAG

DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR-YFIRLITSMYND	SKIPULAG:AEK
	TEIKNAÐ:AEK, MÖ
	SAMÞYKKT
	KT-
KVARÐI1: 7000	KÓPAVOGUR dags. 13.02.2012
VERKNR.	TEKN. NR. BR.A
7300-DU1104	DU1104-D01